

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Veðréttur og þinglýsingar

Prófnúmer próftaka:	
---------------------	-------

Námsgrein til prófs:	Veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%) ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna viðskiptabréfareglur (60%).		
Prófdagur:	5. nóvember 2018	Kl.:	16:00 til 20:00
Próftími alls:	4 klst.	Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, (þ.m.t. forsiða):	4
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar:	Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi <u>tvísva</u>r á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs. Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.
----------------	--

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Þinglýsingar (15%)

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangsörð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. Ef tvö eða fleiri skjöl eru jafn rétt há þá skal merkja þau bæði (eða öll) með báðum (eða öllum) þeim sætum sem þau eiga. Sem dæmi má nefna að ef tvö skjöl eru bæði rétt hæst þá skal merkja þau bæði með „1-2“. Vinsamlega svarið í rafræna skjalið. (5%)
- ___ a. Fjárnám gert í eigninni 23. október 2018, barst til þinglýsingar 2. nóvember sama ár kl. 10:52.
- ___ b. Veðskuldabréf, dags. 30. október 2018, barst til þinglýsingar 1. nóvember sama ár kl. 11:49.
- ___ c. Fjárnám gert í eigninni 26. september 2018, barst til þinglýsingar 2. nóvember sama ár kl. 12:20.
- ___ d. Fjárnám gert í eigninni 26. október 2018, barst til þinglýsingar 1. nóvember sama ár kl. 12:57.
2. Gerið grein fyrir ferli þinglýsingar frá því skjal er móttækið til þinglýsingar og þar til þinglýsingarstjóri hefur tekið afstöðu til þess. Gerið jafnframt grein fyrir mismunandi afgreiðslu þinglýsingarstjóra á skjölum sem berast til þinglýsingar. (10%)

Veðréttur (25%)

1. Fjallið um heimildir til veðsetningar viðskiptabréfa og innlausnarbréfa og réttarvernd slíkra veðsetninga. (9%).
2. Gerið stuttlega grein fyrir eftirfarandi hugtökum og merkingu þeirra (alls 6% - hvor stafliður gildir 3%):
 - a) Veð
 - b) Óbein eignarréttindi
3. Svarið eftirtöldum fullyrðingum. Vinsamlega svarið í rafræna skjalið. Hver liður gildir 2%. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar og tvö stig eru dregin frá fyrir vitlaust svar, en ekkert er gefið eða dregið frá ef ekki er svarað. Aðeins einn valmöguleiki er réttur. (10%)
 - a) Veðréttur í almennri fjárkröfu á hendur nafngreindum skuldara öðlast réttarvernd við þinglýsingu í lausafjárnám skuldarans.

___ Rétt

___ Rangt

- b) Ákvæði 1. mgr. 38. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 er frávikjanlegt.

___ Rétt

___ Rangt

- c) Skuldaraskipti að veðkröfu verða almennt aðeins skuldbindandi fyrir veðhafa ef hann samþykkir skuldaraskiptin sérstaklega í samningi við nýjan eiganda veðsins.

___ Rétt

___ Rangt

- d) Tilgreiningarreglan gildir um handveð.

___ Rétt

___ Rangt

- e) Ef veðsett eign skemmist eða ferst af tilviljun í vörslum veðhafa er meginreglan sú að veðhafi er skaðabótaskyldur gagnvart veðsala.

___ Rétt

___ Rangt